

skeyti, 2 kr., eða alls 2699 kr. 65 aur. með 5% árs-
vöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, þó svo, að
upphæð þessi fari ekki fram úr verði »Pollux«, eins
og hann verður metinn af þar til dómkvöddum mönnum
í því ástandi, sem hann var í, er áreksturinn átti
sér stað, svo sem fram er tekið í hinum áfrýjanda
dómi. Þar sem einnig má fallast á ákvæði sjódóms-
ins um málskostnað, ber að staðfesta hann í öllum
greinum.

Samkvæmt þessu ber áfrýjanda að greiða stefnda
málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 kr.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjanda sjóréttardómi skal óraskað.
Áfrýjandi, Ólafur Jóhannesson, greiði stefnda,
Carl Finsen, fyrir hönd Samábyrgðar Íslands 40
kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður en 8 vikur
séu liðnar frá löglegri birtingu hans að við-
lagðri lagaðför.

Mánudaginn 21. janúar 1918.

Nr. 65/1917.

Ellert Skram
gegn
Eliasi Stefánssyni.

D ó m u r :

Á fundi hér í bænnum 9. des. 1913 var stofnað félag, sem nefndist »Fiskihlutafélagið Njörður«, og voru félaginu sett lög á fundinum. Meðal þeirra, er gengust fyrir hlutafjársöfnun handa félaginu, var væntanlegur skipstjóri á botnvörpuskipi því, er félagið ætlaði að eignast, og tók hann við 2000 kr. í þessu skyni hjá Eiriki Jónssyni til heimilis við Kára-stíg hér í bænnum, samkvæmt kvittun skipstjórans, dags. 6. s. m. Einn af stofnendum félagsins, Ellert Skram skipstjóri, lagði og fram 2000 kr. í hlutafé, en með því ákveðið er í lögum félagsins, að hver hlutur skyldi vera 4000 kr., var á stofnfundinum svo til hagað um framlög þeirra Ellerts Skrams og Eiríks Jónssonar, sem ekki var viðstaddur, að eitt hlutabréf, nr. 13 á hlutaskránni, var gefið út fyrir báðum upphæðunum, stílað á nafn Ellerts Skrams og hann einn talinn eigandi þess á hlutaskránni, enda hefir það síðan verið í hans vörzlum. Fjárhlut sinn í félaginu seldi Eiríkur Jónsson 1. febr. 1916 Elíasi Stefánssyni útgerðarmanni hér í bænnum og ritaði afsalið á fyrnefnda kvittun. En Ellert Skram taldi afsal þetta ólöglegt og neitaði að viðurkenna Elías Stefánsson réttan sameiganda með sér að hlutabréfinu. Varð þetta tilefni til þess, að Elías Stefánsson höfðaði þetta mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og voru það kröfur hans þar, að hann með dómi yrði viðurkendur eigandi að hálfu hlutabréfi nr. 13 á »Fiskihlutafélaginu Njörður« á móti Ellert Skram, að Ellert yrði dæmdur, að viðlögðum dagsektum, til

að rita á hlutabréfið, að Elias væri að hálfu sameigandi hans að því, svo og til að greiða honum arð af því fyrir árið 1915, 500 kr. með 5% ársvöxtum frá sáttakæruðegi 18. nóv. til greiðsludags, og enn krafðist hann málskostnaðar eftir mati réttarins. Með dómi bæjarþingsins uppkveðnum 26. júlí f. á. voru allar þessar kröfur teknar til greina, þannig að dagsektir voru ákveðnar 10 kr. og málskostnaður 40 kr.

Þessum dómi hefir Ellert Skram skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 10. ágúst f. á. og krafðist þess, að verða algerlega sýknaður í málinu og sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Af hálfu Eliasar Stefánssonar er krafist staðfestingar á bæjarþingsdómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Eftir atvikum þeim, er að framan er lýst, er ágreiningsefnið í máli þessu það, hvort stefndi sé orðinn löglegur eigandi að fjárhlut þeim, er Eiríkur Jónsson lagði í »Fiskihlutafélagið Njörður«. Áfrýjandi neitar þessu og ber fyrir sig 5. gr. félagslaganna 9. des. 1913, en þar segir svo í 2. málgr.:
 »Félagsmenn eiga forkaupsrétt að hlutabréfi eða hlutabréfum, er einstakir hluthafar kynnu að vilja selja. Sá sem vill selja tilkynni það stjórninni, sem svo ber málið undir félagsmenn á félagsfundi«. I endurskoðaðri útgáfu laganna, samþyktri 12. febr. 1916, var þessari málsgrein breytt þannig, að félaginu, og að því frágengnu félagsmönnum var áskilinn forkaupsréttur og að aftan við málsgreinina var bætt orðunum »til úrskurðar um það hver eignast skuli

hlutinn«, en þessi breyting virðist eigi skifta neinu í þessu máli eins og það liggur fyrir. Eiríkur Jónsson hefir nú að ætlan áfrýjanda eigi hlýtt þessu lagaákvæði, er hann seldi stefnda hlutarhelming sinn án þess að tilkynna það félagsstjórninni, svo að hún gæti borið málið undir félagsfund og fengið úrskurð hans um, hver eignast skyldi hlutinn. En það telur áfrýjandi vafalaust að Eiríki hafi verið skylt að hlýðnast þessu og öðrum ákvæðum laganna, með því að hann hafi átt fjárhlut í félaginu og því verið félagsmaður, þó að eigi væri neitt hlutabréf stýlað á hans nafn og hann eigi talinn á hlutaskrá félagsins, en eign hans í félaginu hafi eins og önnur fjáreign félagsins orðið að lúta lögum þess. Tekur hann það fram, að tilgangur þessa ákvæðis í 5. gr. laganna sé sá, að tryggja það, að allur arður af hlutafénu renni til frumhluthafanna (stofnenda félagsins), en þeim tilgangi verði eigi náð, ef félagsmenn geti, að fornspurðu félaginu, selt hluti sína í pörtum, svo að ef til vill ekki verði eftir annað en hluthafanafnið eitt og sé þetta bert brot á lögum félagsins. Af þessum ástæðum mótmælir áfrýjandi og að hann verði skyldaður til að rita neitt á hlutabréfið um með eign stefnda í því, og hann tekur það auk þess fram, að stefndi hafi engan rétt til slíkrar áritunar, vegna þess að hlutabréfið hafi með samþykki Eiríks Jónssonar verið stýlað á nafn áfrýjanda og Eiríkur aldrei óskað neinnar breytingar á því, ekki fengið neitt loforð um það og engan rétt haft til þess, en afsal til stefnda hafi ekki getað veitt honum rifari rétt en Eiríkur sjálfur átti. Greiðslu arðs af hlutabréfshelmingnum

til stefnda, hefir áfrýjandi mótmælt af framangreindum ástæðum, og ennfremur tilfært það til stuðnings þeim mótmælum, að Eiríkur hafi ekki afsalað stefndaársarðinum 1915, því að þess sé alls eigi getið í afsalinu, og verði því að gjöra ráð fyrir, að í kaupinu hafi að eins fylgt arður frá 1. febr. 1916, dagsetningardegi afsalsins.

Stefndi lítur hins vegar svo á, að 5. gr. félagslaganna geti á engan hátt verið til fyrirstöðu afsali Eiríks á eign hans í félaginu til stefnda, af því að hvorki félagið né einstakir félagsmenn eigi eða hafi átt neinn forkaupsrétt að eign Eiríks í félaginu, hvorki samkvæmt heimild í lögum félagsins né annari heimild. Þar sem í nefndri lagagrein sé talað um hluthafa, er kynnu að vilja selja hlutabréf, sé vitanlega átt við þá menn, sem á hlutabréfum og í bókum félagsins eru skráðir eigendur, og því geta komið fram sem hluthafar í félaginu, t. d. greitt atkvæði á fundum, tekið á móti arði af hlutafé o. s. frv., en þetta geti alls eigi átt við Eirík Jónsson eða eign hans í félaginu, hann hafi eigi verið hluthafi, en áfrýjandi hafi einn gagnvart félaginu haft öll þau réttindi, er fylgdu hlutabréfi nr. 13. En um það, að aðrir en hluthafar eignist fjárhlut í félaginu, geti félagið engu ráðið, enda sé því óþarft að skifta sér af slíku, með því að það breyti að engu leyti aðstöðu félagsins til hluthafa, og sala slíkra fjárhluta, sem ekki eru skráðir í bókum félagsins, séu því þess vegna óviðkomandi. Þá hefir stefndi tekið það fram, að Eiríkur hafi eigi verið bодаður á stofnfund hlutafélagsins, og hafi því engan þátt átt í lagasetning þess né

þeirri ráðstöfun, sem þá var gerð um fjárframlag hans til félagsins, eða samþykkt hana. En þó að hann alt að einu yrði talinn háður lögum félagsins, þar á meðal forkaupsréttarákvæðinu í 5. gr., þá hafi hann fullnægt þessu ákvæði með því að selja fjárlut sinn hluthafa, en forkaupsréttur félagsins geti eigi komið til greina, þar sem hann hafi eigi orðið til fyr en með hinum endurskoðuðu lögum 12. febr. 1916 eftir að afsalið fór fram. Til stuðnings kröfu sinni um að áfrýjanda verði gjört að greiða honum hálfan arð hlutabréfsins 1915 hefir stefndi lagt fram yfirlýsingu Eiríks Jónssonar um að þessi arður hafi verið afsalaður stefnda ásamt eign Eiríks í hlutabréfinu. Um kröfu sína um áritun á hlutabréfið tekur stefndi það fram, að hún sé honum nauðsynleg til að tryggja rétt sinn; að öðrum kosti geti hann átt á hættu að glata honum, ef áfrýjandi selji eða veðsetji hlutabréfið manni, er eigi veit um sameignina, eða ef skuldheimtumenn hans gangi að bréfinu, en gegn þessu mundi áritunin tryggja hann.

Fiskihlutafélagið »Njörður« var stofnað af 15 mönnum, sem skrifað hafa undir frumlög þess. Stofnféð var 60000 kr. er skiftist í 15 hluti, 4000 kr. hvern, og var þannig einn hlutur á hvern stofnanda félagsins. Fjárframlag Eiríks Jónssonar var lagt í hlutabréf nr. 13 saman við jafnmikla upphæð frá áfrýjanda, og hlutabréfið stýlað á nafn áfrýjanda, er þannig varð einn af 15 hluthöfum í félaginu en ekki Eiríkur. Þessi ráðstöfun var gjörð á stofnfundinum og ekkert liggur fyrir um það, að fundurinn hafi talið það neinu skifta hvort þær 2000 kr., er Eiríkur lagði

í félagið, væru frá honum eða einhverjum öðrum eða félaginu stæði það á neinu, hver væri eigandi nefndrar upphæðar, enda verður í þessu máli ekkert ákveðið um hagsmuni félagsins. En það verður að rannsaka hvort nokkuð sé í lögum félagsins því til fyrirstöðu, að kröfur stefnda verði teknar til greina. Í því efni athugast, að eigi verður séð, að hin tilfærða málsgrein úr 5. gr. laganna eigi við sölu þá, er hér ræðir um. Þar er forkaupsréttur áskilinn hluthöfum, er einstakir hluthafar vilja selja hlutabréf, en hluthafar eru þeir einir, er fengið hafa hlutabréf frá félagsstjórninni og skráðir eru á hlutaskrá félagsins. Um Eirik Jónsson átti hvorugt þetta sér stað; hann var hvorki hluthafi né félagsmaður, en það er eftir lögnum eitt og hið sama. Það verður eigi talið rétt, að hver sá, er eign á í félaginu, sé félagsmaður; til þess þarf ennfremur, að eignin sé lögfest í félaginu með hlutabréfi stýluðu á hans nafn, þ. e. að hann sé hluthafi. Eiríkur Jónsson var eftir þessu eigi háður lögum félagsins, þó að hann ætti fé í því, og það, að hlutaféð lýtur lögum félagsins, verður að skilja svo, að valdi laganna verði að eins beitt gegn þeim, sem eru eigendur hlutafjárins samkvæmt lögnum, en það eru hluthafar einir. Eftir þessu var Eiríki Jónssyni frjálst að selja eign sína í félaginu hverjum sem hann vildi, og verður þá að fallast á kröfu stefnda um, að áfrýjanda sé skylt að viðurkenna hann á sama hátt og Eirik Jónsson helmingsameiganda með honum (áfrýjanda) að áminstu hlutabréfi. Í samræmi við það og með því að telja má sannað, að ársarður 1915 af hlutabréfseigninni hafi

verið afsalaður með henni, verður og að fallast á það, að áfrýjanda sé skylt að greiða stefnda þennan arð, 500 kr., með vöxtum, eins og segir í dómnum.

Eins og áður er vikið að, hefir stefndi samkvæmt lögum félagsins engin réttindi gagnvart því, en rétt þann, er honum ber fyrir fjárframlag hans í félagið og trygging fyrir því, að sá réttur eigi glattist, verður hann að sækja í hendur áfrýjanda, og með því nú að ómótmælt er og fallast verður á, að slík áritun á hlutabréfið, er stefndi krefst, og sem ætla verður að Eiríkur Jónsson einnig hefði haft heimild til að krefjast, mundi tryggja þennan rétt stefnda, en hins vegar eigi skerða réttindi áfrýjanda í félaginu eða raska afstöðu hans við það, verður að taka þessa kröfu stefnda til greina og skylda áfrýjanda til að rita á hlutabréfið viðurkenningu um með-eign stefnda í því að viðlögðum dagsektum, svo sem segir í bæjarþingsdómnum. Og þar sem einnig má fallast á málskostnaðarákvæði dómsins, ber að staðfesta hann í öllum greinum.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómnum skal óraskað. Áfrýjandi, Ellert Skram, greiði stefnda, Eliasi Stefánssyni, 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja áður en liðnar séu

8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 21. jan. 1918.

Nr. 88/1917.

Einar Finnbogason
gegn
Sveini M. Jónssyni.

D ó m u r :

Hinn 12. jan. 1917 keypti áfrýjandi, Einar Finnbogason verkstjóri í Reykjavík, húseignina 8 og 8 a við Mjóstræti hér í bænum. Húseign þessi var þá leigð Ingveldi Gestsdóttur til 1. okt. f. á., en hún hafði aftur leigt stefnda, Sveini M. Jónssyni skipstjóra, íbúð í húsinu, 3 herbergi og eldhús, frá 14. maí til 1. okt. Hinn 1. okt. flutti Ingveldur Gestsdóttir úr húsinu, en með því að stefndi hafði eigi getað útvegað sér húsnæði, en áfrýjandi hins vegar krafðist þess, að stefndi flytti burtu, leitaði stefndi hinn 19. sept. f. á. til húsaleigunefndar Reykjavíkur og krafðist þess, að fá að halda húsnæði sínu svo framarlega sem nefndin álitir það ekki brýna þörf fyrir Einar að nota það alt.

Nefndin skoðaði því næst húsið, og að því búnu kvað hún 2. okt. síðastl. upp þann úrskurð, að með því að henni virtist húseiganda eigi brýn þörf nema á íbúðinni allri á neðsta lofti og herbergi í norður-enda á 2. lofti, beri Sveini M. Jónssyni réttur til afnota þeirra herbergja annara, sem á efsta lofti húss-